



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

550. stjórnarfundur 22. október 2020 kl. 18:00

Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Birgir Már Bragason, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir, Björg Hafsteinsdóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Fréttabréf frá ÍSÍ Hugum að heilsunni #verumhraust.

Bréf frá UMFÍ með nýju fundarboði vegna sambandsráðsfundar UMFÍ.

Tölvupóstur frá Sigurði Garðarssyni formanni knattspyrnudeildar, hvatning til aðalstjórnar um að ná í fjármagn sem ríkið hefur samþykkt að úthluta til Reykjanesbæjar.

Bréf frá formanni ÍRB um frestun á ársþingi ÍRB til vors 2021.

Fréttabréf UMFÍ.

3. Send bréf

Ýmis tölvupóstur áframsendur á deildir félagsins.

Bréf sent á Friðjón Einarsson formann bæjarráðs vegna knattspyrnudeildar.

Tölvupóstur sendur á stjórnir og ráð vegna frestunar á æfingum.

Bréf sent á Hafþór Barða Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúa með ósk um að Reykjanesbær taki upp rafrænar hvatagreiðslur í gegnum Nóra-kerfið.

Stöðuskýrsla send á Hilmu Hólmfríði Sigurðardóttur verkefnisstýru verkefnis Allir með.

4. Jólblaðið 2020

Verið er að afla auglýsinga og er það langt komið. Skilafrestur á efni í blaðið er 11. nóvember.

5. Sideline

Búið er að skrifa undir samning. Samningurinn liggur fyrir fundinn.

6. Rafíþróttir

Arnar Már Halldórsson sem er forsvarsmaður fyrir rafíþróttir er búinn að senda inn átta manna stjórn. Nú er komið að því að boða til stofnfundar og stofna deildina. Væntanlega gert í næstu viku.

7. ÍRB

Búið er að leggja til að ársþingi ÍRB sem átti að vera 26. október verði frestað til vorsins.

8. Sambandsráðsfundur UMFÍ

Sambandsráðsfundur UMFÍ verður 29. október með fjarfundaformi. Dagskrá, ársreikningur 2019 og rekstraráætlun liggur fyrir fundinn.

9. Önnur mál

Engin.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 5. nóvember 2020

Fundi slitið kl. 18:55

Fundinn ritaði Eva Björk